

Alþingi
Erindi nr. P 139/2656
komudagur 23.5.2011



Reykjavík 18. maí 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna umræddu frumvarpi og þá sérstaklega 17. grein sem fjallar um að ávallt skuli tilkynna brottvísunina eða nálgunarbannið til barnaverndarnefndar ef að barn býr á heimilinu.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á vernd gegn öllu ofbeldi. Börn eiga jafnframt rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska þeirra. Barn sem býr á heimili þar sem ofbeldi er beitt, jafnvel þó að ofbeldið beinist ekki beint gegn barninu, er þólandi andlegs ofbeldis og elst upp við mikið óöryggi sem er skaðlegt þroska þess.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að við alla málsmeðferð, hvort sem er hjá lögreglustjóra (III kafli, 7. – 9. gr.) eða fyrir dómi (IV kafli, 12. - 15. gr.) verði litið á barnið sem brotþola, barnið fái réttargæslumann (13. gr.), viðeigandi aðstoð og stuðning. Samtökin leggja áherslu á að kveðið verði á um í lögum að ávallt skuli kalla til barnverndaryfirvöld ef að barn býr á heimili þar sem ofbeldi á sér stað, jafnvel þó að barnið dvelji ekki á heimilinu þegar tilkynning er gerð.

Á árinu 2011 kom út skýrsla Barnaheilla – Save the Children á Íslandi „*Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi*“ og fjallar m.a. um þann félagslega stuðning og þau úrræði sem í boði eru í Reykjavík. Rannsóknin var styrkt af Daphne-áætlun Evrópusambandsins og unnin í samvinnu við Barnaheill – Save the Children á Spáni og á Ítalíu. Viðmælendur, sem tóku þátt í rannsókninni, eru allir sammála um að börn sem búa við heimilisofbeldi séu einnig fórnarlömb ofbeldisins. Viðmælendurnir starfa hjá mikilvægum stofnunum í samfélaginu sem mörgum hverjum er ætlað að vernda börn með hag þeirra að leiðarljósi.

Langtímarannsóknir gefa til kynna að börnum sem alast upp við heimilisofbeldi er hætt við að þróa með sér langvarandi sálræn og félagsleg vandamál, s.s. þunglyndi, kvíða,


Barnaheill - Save the Children Iceland - Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

sektarkennd, misnotkun áfengis og vímuefna. Í alþjóðlegri rannsókn sem Sameinuðu þjóðirnar unnu árið 2005 kemur fram að áætla megi að 275 milljónir barna verði hvað eftir annað vitni að ofbeldi gegn móður eða á milli foreldra. Áætlað er að a.m.k. 2.000 börn verði á ári hverju vitni að heimilisofbeldi (2,5% íslenskra barna). Ekki er óvarlegt að álykta að börnin séu enn fleiri því heimilisofbeldi er oftast en ekki eitt besta geymda leyndarmál fjölskyldu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja íslensk stjórnvöld til að koma á heildstæðri stefnu í málum barna sem eru vitni að heimilisofbeldi, með viðeigandi skimun, úrræðum, formlegu samstarfi og samhæfingu á milli stofnana, þ.á.m. lögreglu, barnaverndar, félagsþjónustu, skólakerfis, dómskerfis og heilbrigðisþjónustu. Jafnframt er þörf á eftirfylgni, stuðningi og meðferð eftir að ofbeldið hefur verið stöðvað.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla - Save the Children, á Íslandi



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri